



INSTAGRAM



Samfélagsmiðill sem byggist á myndum og myndböndum



Á miðlinum er hægt að birta færslur (e. posts), sögur (e. stories) og spjallað saman í einka- og hópskilaboðum



Instagram býður einnig upp á Reels, sem eru stutt myndbönd sem spilast hvert af öðru á sama hátt og á TikTok



Virkur algóritmi stýrir hvaða myndbönd eða Reels hver og einn notandi fær á sína „Reels-síðu“ (e. Reelspage) - Reels getur verið ávanabindandi og mikill tímapjófur



Óraunhæfur samanburður, pressa um vinsældir og vond áhrif á sjálfsímynd barna hefur verið tengd við Instagram í gegnum tíðina - stór hluti efnis á Instagram snýst um útlit, lífstíl og vinsældir





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

6%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

66%

Instagram er samfélagsmiðill í eigu Meta sem byggir fyrst og fremst á myndum og myndböndum.
Notendur geta deilt efni í „feed“, „stories“ og „reels“, sent skilaboð og fylgt öðrum notendum.

3 staðreyndir um Instagram



Ýtir undir samanburð og getur haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd

Instagram er mjög sjónrænn miðill þar sem áhersla er oft á útlit, lífsstíl og „fullkomnun“. Slíkt efni getur haft áhrif á sjálfsmynd, líðan og líkamsímynd barna og ungmenna, sérstaklega ef notkunin er mikil.



Býður upp á samskipti við ókunnuga

Hægt er að vera í samskiptum við ókunnuga í gegnum skilaboð, athugasemdakerfið og svör við „stories“. Jafnvel þótt um sé að ræða einkareikning geta notendur fengið beiðnir frá ókunnugum um að fá að fylgja þeim eða skilaboð nema ákveðnar öryggisstillingar séu virkjaðar sérstaklega.



Efnið hverfur – en ekki endilega fyrir fullt og allt

Þótt efni sem notendur birta í „stories“ hverfi eftir 24 klst. geta aðrir notendur tekið skjáskot af því áður en það hverfur og deilt því áfram, jafnvel án vitundar og samþykkis þess sem birti það.

Tilkynna (reporta) á Instagram







Tilkynna skilaboð





Höldum skilaboðunum inni



Veljum Report



Fylgjum ferlinu






Tilkynna notanda


Til dæmis ef skilaboðum
hefur verið eytt





Finnum aðganginn og
veljum punktana þrjá



Veljum Report



Fylgjum ferlinu





Tilkynna Story




Finnum Storyið og
veljum punktana þrjá



Veljum Report



Fylgjum ferlinu





Að fylla út tilkynningarskjal á Instagram



Hægt að fylla út skjal ef tilkynna á efni á Instagram

Þar getur foreldri tilkynnt fyrir hönd barns

Nauðsynlegt er að hafa hlekk að efninu sem tilkynna á - til dæmis hlekkur á prófíl sem þarf að tilkynna

Hlekk á skjalið má finna hér:

<https://help.instagram.com/contact/512241091300432>

The screenshot shows the Instagram Help Centre interface. On the left is a navigation menu with categories like 'Instagram Features', 'Login, Recovery and Security', 'Manage Your Account', 'Staying Safe', 'Privacy and Reporting', 'Terms and Policies', 'Instagram for Businesses', and 'Threads'. The 'Privacy and Reporting' section is selected. The main content area is titled 'Report a Violation of your Privacy on Instagram or Threads'. It includes a disclaimer, a 'Full name' field, a 'Please select your country' dropdown menu (currently showing 'United Kingdom'), an 'Email address' field, and a 'Who are you reporting for?' section with radio buttons for 'Self', 'Child', and 'Another adult'. Below this are questions about whether the user is the legal guardian, if the child is under 13, and if the child can self-report. There are also fields for the URL of the content being reported and a 'Send' button at the bottom.